

**SKÝRSLA STARFSKJARANEFNDAR NOVA KLÚBBSINS HF.  
STARFSÁRIÐ 2025-2026**

**Tilgangur:**

Tilgangur starfskjaranefndar er að vera stjórn til aðstoðar og gera störf hennar skilvirkari, með því að fjalla nánar, og í smærri hóp, um starfskjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda félagsins og dótturfélaga.

**Umboð:**

Hluthafar setja félaginu starfskjarastefnu sem kemur til afgreiðslu á aðalfundi ár hvert. Starfskjaranefnd Nova klúbbsins hf. starfar í umboði stjórnar. Stjórn setur nefndinni starfsreglur og ber ábyrgð á störfum hennar.

**Skipan:**

Á aðalfundi félagsins þann 27. mars 2025 voru endurkjörin í stjórn félagsins þau Sigríður Olgeirsdóttir, Jón Óttar Birgisson, Jóhannes Þorsteinsson og Hrund Rudolfsdóttir, þá kom Steinunn Hlíf Sigurðardóttir ný inn í stjórn. Í kjölfar aðalfundarins voru þær Sigríður Olgeirsdóttir og Hrund Rudolfsdóttir endurskipaðar í starfskjaranefnd félagsins af stjórn, og var Hrund skipuð sem formaður nefndarinnar. Starfskjör nefndarinnar fara eftir ákvörðun aðalfundar 2025. Regluvörður félagsins var nefndinni innan handar um skipulag vinnu hennar og ritaði fundargerðir.

**Hlutverk og ábyrgðarsvið:**

Helstu verkefni nefndarinnar eru að undirbúa tillögur stjórnar til aðalfundar Nova klúbbsins hf. um starfskjarastefnu og stjórnarlaun, gefa álit á tillögu um hvatakerfi, og eftir atvikum kaupréttarkerfi, hafa eftirlit með starfs- og launakjörum forstjóra og framkvæmdastjórnar og því að starfskjör séu almennt gagnsæ, samkeppnishæf og í samræmi við starfskjarastefnu félagsins hverju sinni.

**Starfsreglur:**

Stjórn Nova klúbbsins hf. samþykkti gildandi starfsreglur nefndarinnar þann 20. ágúst 2024. Þar er nánar kveðið á um hlutverk nefndarinnar, skipan hennar og samsetningu, fyrirkomulag funda, heimildir, aðgang að gögnum og trúnaðarskyldu.

**Starfsáætlun:**

Starfskjaranefnd starfaði eftir starfsáætlun sem samþykkt var á fundi nefndarinnar þann 30. apríl 2025. Starfsáætluninni er ætlað að aðstoða nefndina við að skipuleggja vinnu sína með það að markmiði að hún sinni hlutverki sínu í samræmi við starfsreglur og góða stjórnarhætti. Starfsáætlunin er leiðbeinandi en ekki tæmandi og er fyrst og fremst ætlað að styðja við faglegt starf nefndarinnar.

**Helstu verkefni ársins:**

Til að rækja hlutverk sitt hélt nefndin tíu fundi á starfsárinu.

Helstu verkefni nefndarinnar voru eftirfarandi:

- Að rýna útreikninga vegna útgreiðslna á grundvelli hvatakerfis vegna 2025
- Að vinna tillögu að hvatakerfi vegna 2026
- Að vinna tillögu að framkvæmd kaupréttaráætlunar félagsins sem samþykkt var á aðalfundi

félagsins 2025

- Að vinna tillögu að kjörum stjórnar- og nefndarmanna fyrir næsta starfsár
- Að vinna tillögu að starfskjarastefnu félagsins
- Vinna við gerð starfslokasamnings við fráfarandi forstjóra
- Vinna að ráðningu nýs forstjóra
- Vinna við gerð starfslokasamninga við tvo framkvæmdastjóra
- Að yfirfara ráðningarskilmála forstjóra og framkvæmdastjóra
- Að yfirfara jafnlaunastefnu félagsins og jafnlaunakerfi

### **Greiðslur á grundvelli hvatakerfis fyrir fjárhagsárið 2025:**

Nefndin yfirfór og staðfesti niðurstöður útreikninga vegna væntra útgreiðslna á grundvelli hvatakerfis síðasta árs, og lagði fyrir stjórn til samþykktar.

### **Viðmið vegna hvatagreiðslna fyrir fjárhagsárið 2026:**

Markmið hvatakerfis ársins 2026 lúta að eftirfarandi þáttum í rekstri félagsins; fjárhagslegri niðurstöðu, fjölgun viðskiptavina á flakk- og fastneti, ánægju viðskiptavina, starfsánægju og árangri af stefnumarkandi verkefnum og vaxtarverkefnum.

Hámarks möguleg greiðsla miðað við að öll markmið náist getur í tilviki forstjóra og framkvæmdastjóra numið að hámarki þreföldum mánaðarlaunum (grunnlaunum) og í tilviki annarra þátttakenda í hvatakerfinu að hámarki tvöföldum mánaðarlaunum (grunnlaunum).

### **Framkvæmd kaupréttaráætlunar:**

Nefndin vann á starfsárinu tillögu að framkvæmd kaupréttaráætlana félagsins, sem samþykktar voru á aðalfundi félagsins þann 27. mars 2025.

Í samræmi við tillögu nefndarinnar voru í nóvember gerðir kaupréttarsamningar við tiltekna stjórnendur félagsins um samtals 63.969.746 hluti í félaginu, eða sem samsvarar 1,8% af útgefnu hlutfé í félaginu. Áætlaður heildarkostnaður (gjaldfærsla) vegna kaupréttarsamninga félagsins við stjórnendur, byggt á Black-Scholes módelinu, nemur um 55 m.kr. Heildarfjöldi hluta sem heimilt er að veita kauprétti vegna á grundvelli kaupréttaráætlunar fyrir stjórnendur félagsins er 110.500.000.

Þá voru öllum fastráðnum starfsmönnum samstæðunnar boðnir kaupréttir á grundvelli kaupréttaráætlunar sem byggir á 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem einnig var samþykkt á aðalfundi félagsins í mars 2025. Alls gerðu 133 starfsmenn Nova klúbbsins og dótturfélaga kaupréttarsamninga og nemur áætlaður heildarkostnaður (gjaldfærsla) vegna þessara kaupréttarsamninga, skv. Black-Scholes módelinu, 11,6 m.kr.

### **Annað:**

Engir sérstakir annmarkar komu fram við störf nefndarinnar á starfsárinu. Hún hafði eðlilegan aðgang að gögnum og átti í góðu samstarfi við stjórn, forstjóra og aðra stjórnendur.

Við teljum að við höfum rækt þær skyldur sem á okkur eru lagðar af hluthöfum og stjórn og með því stutt

við markmið í starfskjarastefnu félagsins um að styðja við framtíðarsýn félagsins um áframhaldandi sókn þar sem gildi þess eru höfð að leiðarljósi.

Reykjavík, 20. febrúar 2026  
Í starfskjaranefnd Nova klúbbsins hf.

Hrund Rudolfsdóttir, formaður

Sigríður Olgeirsdóttir